

Málar.: 2006011
Dalabyggð Málaskrá

10. JÚNÍ 2020

Bréfiykill: 00, 01
Vígholtsstöðum, 7. júní 2020

Til sveitarstjórnar Dalabyggðar

Tilfni þessa bréfs er kynningarfundur sem ég sat í Dalabúð miðvikudaginn 3. júní s.l. þar sem þið kynntuð fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir á nágrannajörð minni Hróðnýjarstöðum. Ég tel mig vita að þið séuð öll sómafólk sem vinnið störf ykkar af samviskusemi og heilindum og leggið vinnu í að kynna ykkur mál frá öllum hliðum áður en stórar ákvarðanir eru teknar. Þar sem ég þekki sum ykkar aðeins lítillega og önnur þekki ég ekki einu sinni í sjón, þá langar mig með bréfi þessu að kynna mig fyrir ykkur, segja ykkur mína sögu og bjóða ykkur að þiggja heimboð frá mér þar sem þið gætuð kynnt ykkur málið nánar.

Ég heiti Sigurbjörn Sigurðsson og er fæddur að Vígholtsstöðum 30. júní 1941 og hef búið þar allar götur síðan. Þremur árum áður höfðu foreldrar mínir sest hér að og hafið búskap. Ég man fyrst eftir mér um 5 ára aldur og þá var „tækjakosturinn“ hér þrír hestar, nokkrar hrífur, orf og ljár. Ræktuð tún voru um 4 hektarar. Frá 8 ára aldri fór ég að taka þátt í vinnu við búið með foreldrum mínum eins og geta stóð til og næstu árin stækkuðu búið og strákurinn jafnt og þétt.

Fram á miðjan sjöunda áratuginn var aðal áherslan á sauðfjárbúskap hér á Vígholtsstöðum. Tún voru ræktuð, fjárhús byggð og hlöður ásamt því að landabúnaðarvélar voru keyptar um leið og slíkt var í boði á Íslandi. Á árunum 1965 – 66 var byggt hér á þess tíma mælikvarða stórt og tæknilegt fjós og komið upp stóru kúabúi. Þegar mest lét var búið hér á Vígholtsstöðum næst stærsta bú í sýslunni með um 550 kindur, 35 mjólkandi kýr auk geldneytis.

Í kringum síðustu aldamót, þegar hefðbundinn búskapur lagðist hér af, var hafist handa við skógrækt á jörðinni ásamt því að leggja drög að því að hér mætti rísa frístundabyggð. Gróðursettar hafa verið á annað hundrað þúsund trjáplöntur á landareigninni, eitt frístundahús er þegar risið og búið er að teikna annað hús en bygging þess er í biðstöðu á meðan óvissa ríkir um framtíð svæðisins. Auk þess hafa fjórar aðrar frístundalóðir verið skipulagðar og teiknaðar af landslagsarkitekt og eru til loftmyndir og uppdrættir af svæðinu en einnig er beðið með nánari útfærslu á því á meðan óvissuástand ríkir.

Jörðin Vígholtsstaðir er úr alfaraleið og hingað kom seint vegtenging. Um miðjan sjöunda áratuginn barðist ég fyrir því að vegurinn frá Búðardal sem þá náði að Spágilsstöðun yrði lagður áfram hingað að Vígholtsstöðum. Vegagerðin taldi sér ekki fært að fara í þær framkvæmdir sem til þyrfti enda þurfti að leggja veginn yfir svokallaðan Illfæruflóa sem bar nafn með rentu. Ég réðist þá sjálfur í það verk að láta grafa skurði og ræsa fram flóann svo hægt væri að leggja hingað veg. Ég sá einnig sjálfur um að smíða rimlahlið sem enn er á veginum við landamerki Spágilsstaða og Vígholtsstaða. Vegtenging við Vígholtsstaði er því að miklu leyti byggð á einstaklingsframtaki.


Ég hef í þau tæpu 80 ár sem ég hef lifað hér og búið, byggt þessa jörð upp úr nánast engu. Ég hef lagt áherslu á að staðna ekki, lagt mig fram um að fylgja tíðarandanum og hefur búið tekið breytingum í takt við tímann hverju sinni. Ég hef ávallt viðhaldið bæði húsakosti og landi eins vel og kostur er og hef m.a. hlotið margar viðurkenningar frá sveitarfélaginu fyrir snyrtilegt býli. Ég tel mig því vera framfarasinnaðan frumbyggja.

Á ferðalögum mínum um heiminn hef ég haft mikinn áhuga á að kynna mér sögu frumbyggja þeirra landa sem ég hef heimsótt. Ég hef kynnt mér sögu frumbyggja Kanada, Ástralíu og Kanaríeyja svo eitthvað sé nefnt. Allt þetta fólk, frumbyggjar þessara landa, á það sameiginlegt að hafa verið bolað burt af landi sínu með yfirgangi aðkomumanna. Undanfarið hefur sú tilfinning læðst að mér að eitthvað sambærilegt sé að gerast hér í Döllum. Að það sé smám saman verið að þrengja að okkur frumbyggjum og á endanum verðum við umkringd, landið okkar gert verðlaust og við munum hrekjast í burtu.

Það er einlæg von mín að þið þiggið þetta heimboð hingað að Vígholtsstöðum og kynnið ykkur málið frá minni hlið. Ég fel ykkur að velja tíma til heimsóknarinnar og mun bjóða ykkur hjartanlega velkomin.

Með von um að þið njótið komandi sumars.

Með vinsemd og virðingu,



Sigurbjörn Sigurðsson

Vígholtsstöðum

s. 845 8687